

141.fundur skólanefndar Stykkishólmsbæjar.

Haldinn 24.september 2015 kl. 17 í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar

Mættir:

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður(HH), Steinunn Helgadóttir varafulltrúi(SH), Kolbrún Ösp Guðrúnardóttir fulltrúi (KÖG), Jón Einar Jónsson fulltrúi (JEJ)

Áheyrnafulltrúar:

Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans (GS), Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans (SP), Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir fyrir starfsfólk Grunnskólans(SIM), Sólbjört Gestsdóttir fyrir starfsfólk leikskólans (SG)

Fjarverandi: Ingunn Höskuldsdóttir fulltrúi foreldra leikskólabarna boðaði forföll og nýr fulltrúi foreldra GSS hefur ekki verið tilnefndur. Ásmundur Guðmundsson boðaði forföll og Steinunn Helgadóttir mætti sem varamaður. Magda Kulinska fulltrúi fjarverandi.

Jón Einar Jónsson ritar fundargerð.

Formaður setti fund kl.17

Formaður býður Kolbrúnu velkomna en hún tekur sæti Kristbjargar Hermannsdóttur.

Dagskrárliðir

1. UMRÆÐUR UM SKÝRSLU SKÓLASTJÓRA GRUNNSKÓLA STYKKISHÓLMS.

1. Undirbúningur skólaárs 2015 – 2016

Samsetning starfsmannahóps breyttist, þ.e. stuðningsfulltrúum fækkaði milli ára því sum stöðugildin eru eyrnamerkt nemendum sem hafa klárað nám. Lausnin varð sú að fela kennurum þessi störf að hluta.

Nýting íþróttahúss var skoðuð og reynt að bæta hana. Á meðan einn íþróttakennari var með alla nemendurna reyndist það snúið og soldið um göt í dagskrá íþróttahúss.

2. Innra starf

➤ Starfsmannahópurinn

Auglýst var eftir tveimur 50% íþróttakennurum, einn fyrir pílta og einn fyrir stúlkur. Þrjár umsóknir bárust en einn sótti líka um sérkennslu og leystust málin þannig, að íþróttakennari er með pílta en íþróttافرæðingur í

kennaranámi með stúlkurnar. Síðan er sérkennarinn íþróttakennari sem er í námi til sérkennslu.

Auglýst var eftir textíl kennara. Tvær umsóknir bárust og sá sem var ráðinn er fullmenntaður textílkennari en hinn umsækjandinn er enn í námi til textílkennslu. Ánægja með báðar umsóknirnar.

Anna Margrét Ólafsdóttir íslenskukennari hefur sagt stöðu sinni lausri frá og með desember nk. Berglind aðstoðarskólameistari hefur í vetur sinnt íslenskukennslu fyrir 9. og 10. bekk. Kynnt verður á næsta fundi hvernig íslenskukennsla verður leyst eftir áramót en þá átti Anna Margrét að taka við íslenskukennslu hjá 7. og 9 bekk.

Tveir kennarar deila með sér kennslu í sérkennslu, nýráðinn kennari í hálfu starfi og kennari sem hætti í vor tók að sér stundakennslu í faginu á móti.

➤ **Vinummat kennara**

Gunnar skýrir breytingarnar og tekur dæmi um vinnulag eftir nýju vinnumati. Um er að ræða veigamiklar breytingar og Gunnar hvetur til að spurningum um fyrirkomulagið sé beint til skólans.

➤ **Nemendahópurinn**

Gunnar merkir jákvæðar breytingar meðal nemenda. Gunnar hefur í haust leitast við að taka á móti nemendum á morgnana í viðleitni til að byrja daginn jákvæðum nótum. SH lýsir yfir ánægju með þetta.

3. Áhersluatriði

➤ **Gleði – Samvinna – Sjálfstæði** eru einkunnarorð skólans. Lögð er áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir í ákvarðanatöku frekar en að mótast af skoðunum félagana.

➤ **Íslenska / Byrjendalæsi**

Skólinn ætlar að bíða með að fara formlega af stað með átakið. Skoðaðir verða kostir og gallar, m.t.t. umræðu í þjóðfélaginu um útkomu nemenda úr Byrjendalæsi í könnunum. Stefnt er að því að hefja átakið næsta haust. Búið er að skipa kennara í læsis- og íslenskuteymi skólans.

➤ **Stærðfræði**

Stærðfræðiteymi (þrír kennarar) hafa verið skipað og leita leiða til að efla stærðfræðikennslu.

4. Önnur mál.

Gunnar segir frá ferð Vinnuhóps um stækkun grunnskólans, til Reykjavíkur í tengslum við væntanlega viðbyggingu vegna bókasafns. Skoðuð voru Bókasafn Hafnarfjarðar, Bókasafn Kópavogs og Bókasafn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Gunnar nefnir Hvolsvöll sem dæmi um samrekið skóla- og bæjarbókasafn og gaman væri að fara þangað og skoða.

Kosningar til nemendaráðs verða eftir helgi (28. september) þeim var frestað vegna samræmdra prófa.

Sagt frá heimsókn Hlyns Bæringssonar í skólann.

Samstarfs samningur var gerður við Háskólann á Akureyri, um að taka við nemendum HA í framhaldsnámi, sem eru búsettir í Stykkishólmi, í staðinn má senda kennara GSS á námskeið í HA. Gunnar nefnir dæmi um starfsfólk í hlutastarfi við skólann sem er jafnframt í námi sem í sumum tilfellum tengist starfi þeirra beint.

Samræmdum prófum (4., 7., og 10. bekk) er að ljúka. Gunnar telur prófin nýtast vel til að greina veikleika og styrkleika nemenda.

JEJ spyr Gunnar og Steinunni Ingibjörgu um reynslu kennara af nýju vinnumati og hver útkoman er og hvort einhverjir kennarar hafi virkilega lækkað í launum. Ýmsir launaflokkar duttu út og kerfisbreytingar eru ekki full kláraðar. Full staða er 26 tímar en skekkjur í launareikningum hafa valdið vandræðum í haust. Málið verður skýrt betur á næsta fundi. Sigrún spyr í kjölfarið um mál tengd gæslu, sem hafa áhrif á vinnumatið.

HH spyr um kostnað við Byrjendalæsi. Ljóst er að kennari þarf að sækja námskeið til að mega kenna þetta efni. Spurt um fjölda kennara sem myndu koma að þessum verkefni og Gunnar segir þá þrjá til fjóra. Æskilegt væri að Félags- og skólaþjónusta Snæfellsness komi að þessu og þetta samræmt fyrir Snæfellsnes. Spurt út í þetta verkefni og hvað það felur í sér. Byrjendalæsi felur í grunninn í sér að nemandi er með ákveðna bók, tekur út ákveðin orð og vinna með þau orð og orðmyndirnar og gera verkefni í kringum þau.

JEJ biður Gunnar og Sigrúnu um sýn skólana á spjaldtölvuvæðingu, m.t.t. umræðu í þjóðfélaginu um afstöðu Hafnarfjarðar og könnun OECD, til að segja frá á næsta fundi og er stefnt að því að taka málið fyrir næsta fundi.

2. UMRÆÐUR UM SKÝRSLU SKÓLASTJÓRA LEIKSSKÓLA STYKKISHÓLMS.

Sigrún segir starfið fara vel af stað, sbr. eftirfarandi skýrslu sem Sigrún sendi fyrir fund:

1. Lokið er að ráða starfsfólk í leikskólann. Þær sem ráðnar voru eru: Þórhildur Eypórsdóttir, Jóna Gréta Guðmundsdóttir, Sara Diljá Sigurðardóttir, Bergdís E.

Gestsdóttir (nemi í leikskólakennslufræðum) og Berglind Eva Ólafsdóttir. Tíu umsóknir bárust um þessi störf. Áður hefur komið fram hverjar hættu hjá okkur en það eru auk þeirra sem kom fram á júní fundi skólanefndar: Steinunn Alva Lárusdóttir og Karina Nielsen.

2. Nú eru 70 börn í leikskólanum en verða 72 um áramót. 23 börn í árgangi 2010, 16 börn í árgangi 2011, 10 börn í árgangi 2012, 12 börn í árgangi 2013 og 11 börn í árgangi 2014.
3. Mikil áhersla er lögð á málörvun tvítýngdra barna með föstum málörvunartímum fyrir hvert þeirra. (3 x í viku, amk.) Einkum unnið að bættum orðaforða. Æskilegt væri að fá samræmda stefnu fyrir Snæfellsnes í málaflokknum.
4. Nýr talmeinafræðingur, Elmar Þórðarson er byrjaður og hefur komið í eina heimsókn
5. Inga Stefánsdóttir sálfræðingur er einnig búin að koma í eina heimsókn
6. Jón Pétur danskennari er búinn að vera hér með tvo hópa í danskennslu
7. Fyrirhugað er að ljósmyndari komi og taki hér hópmyndir af börnum og kennurum.
8. Fyrsti starfsdagur vetrarins er mánudagur 12. október. Farið verður í heimsóknir í leikskóla í Reykjavík, skoðaður verður leikskóli með ungbarnadeild, leikskóli sem vinnur skv. uppbyggingarstefnunni og leikskóli sem vinnur skv. hugmyndafræði Reggio Emilia um skapandi starf.
9. Næsti starfsdagur er mánudagur 2. nóvember en þá er fyrirhugað menntaþing Snæfellinga.
10. Hér voru gróðursett 2 tré, blóðheggur, sem var gjöf frá umhverfissviði Reykjavíkur til Stykkishólms og var Sigríði Ólöfu (Siggu Lóu) falið að gróðursetja tréin og valdi hún leikskólagarðinn til þess. Börnin voru mjög áhugasöm um gróðursetninguna og fylgdust með og fræddust. Við þökkum kærlega fyrir okkur.
11. Að öðru leiti gengur skólastarfið sinn vanagang, við erum búin að fara í fyrstu heimsókn í grunnskólann og var vel tekið á móti okkur eins og alltaf. Svo ætlar 1. Bekkur að koma í heimsókn í söngstund á föstudaginn. Samstarf á milli skólastiga er í

nokkuð föstum skorðum sem hefur gefið góða raun í gegnum árin. Eins erum við í samstarfi við Tónlistarskólann og fleiri stofnanir bæjarins. (Bókasafn, dvalarheimili, Norska húsið ofl).

Auk punktana að ofan voru nefnd þessi atriði:

Sigrún vísar einnig til þáttökuaðlögunar (sbr. fyrri fundargerðir) og gekk hún vel.

Þó nokkuð af umsóknum er komið fyrir leikskólapláss næsta vetur. Sólbjört segir að það sé biðlisti, í fyrsta sinn í langan tíma.

Rætt er um komu leik- og grunnskólabarna frá sunnanverðu Snæfellsnesi í skólana. Nefndin tekur jákvætt í þau mál og bókar að æskilegt væri að lausn finnst brátt í málefnum barna frá þessu svæði. Sigrún nefnir að börnin úr Stykkishólmi séu spennt að kynnast börnunum fyrir sunnan fjall.

3. SKÓLASTEFNA STYKKISHÓLMSBÆJAR

Formaður kynnti endurskoðun á skólastefnu Stykkishólmsbæjar.

Sveitarfélögum er skylt samkvæmt lögum setja almenna stefnu um skólamál í sveitarfélaginu og að endurskoða stefnuna á innan við fimm ára fresti. Núverandi stefna er frá 2010 og er því komin tími á að endurskoða hana skv. reglum. Ráðinn hefur verið verkefnisstjóri, Ingvar Sigurgeirsson, sem er prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands og hefur hann mikla reynslu í skólamálum. Fundað verður með honum nk. Þriðjudag. Fundinn mun sitja formenn skólanefnda skólanna og skólastjórar. HH segir frá því að vinnan fari af stað í vetur og standi fram á vor. Bærinn hefur tekið frá peninga í þetta verkefni skv. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2015. Síðasta stefna var þrískipt m.t.t. skólana en nú er lag að koma á samræmdri stefnu bæjarins fyrir alla skólana (Tónlistar-, Leik- og grunnskóla).

Sigrún Þórsteinsdóttir vék af fundi kl. 18:00

4. ÞJÓÐARÁTAK UM LÆSI

Formaður sagði frá heimsókn menntamálaráðherra sl. þriðjudag í tilefni þjóðarátaks um læsi. Mennta- og menningarmálaráðherra hefur lokið hringferð sinni um landið þar sem hann hefur kynnt skólafólki og sveitarstjórnarmönnum þjóðarsáttmálann um læsi og hvatt til samstarf um þetta mikilvæga verkefni. Skólanefnd ræddi um læsi og hversu lítið börn lesa sér til gagns. Mögulegar orsakir ræddar. Í kjölfarið er rætt um símanotkun nemenda í Grunnskóla, sem er ekki talin vera vandamál að svo stöddu, m.a. því nemendur virða yfirleitt þau mörk sem sett eru af starfsfólki.

5. HAUSTFUNDUR SKÓLAFÓLKS Á SNÆFELLSNESI.

Formaður sagði frá því að Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga og grunn- og leikskólarnir á Snæfellsnesi standa fyrir sérstöku Menntaþingi á sameiginlegum starfsdegi skólastiganna þann 2. nóvember n.k. í félagsheimilinu Klifi Ólafsvík undir yfirskriftinni: „Málefni innflytjenda; -- áskorun í skólaþjónustu sveitarfélaganna á Snæfellsnesi“.

Sveitarstjórnar- og skólanefndarfólki sem og fulltrúum í skóla- og foreldraráðum skólanna á Snæfellsnesi og er sérstaklega boðið til þinghaldsins enda varðar málefnið flestar stjórnarsýslustofnanir Snæfellinga. Fulltrúar í skólanefnd hafa fengið tölvupóst um þetta þing.

6. HLUTVERK SKÓLANEFNDA.

Formaður minnti á lög og reglur um þetta atriði og erindisbréf skólanefndar sem er á vef Stykkishólmsbæjar: http://www.stykkisholmur.is/Files/Skra_0045856.pdf
Á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga er talað um hlutverk skólanefnda: <http://www.samband.is/verkefningin/skolamal/skolanefndir/>
Formaður biður nefndarmenn að rifja upp þessar reglur.

6. ÖNNUR MÁL.

Rætt um dagsetningu næsta fundar. 22.10. 2015 í Grunnskólanum kl. 17:00 (ekki 17:15).

Fleira ekki rætt.

Formaður sleit fundi kl. 18:50

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, (sign)

Jón Einar Jónsson fulltrúi, (sign)

Kolbrún Ösp Guðrúnardóttir fulltrúi, (sign)

Steinunn Helgadóttir varafulltrúi (sign)

Áheyrnafulltrúar:

Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, (sign)

Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans, (sign)

Sólbjört Gestsdóttir fyrir starfsfólk leikskóla (sign)

Steinunn I. Magnúsdóttir fyrir starfsfólk grunnskóla (sign)